

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 30.10.
Ábm.	Svfr.
Afgr.	( ) Bréf ( ) St.
Lvm.	Trm.

Til fulltrúa sveitar-/bæjar-/borgarstjórna

30 október 2017

Erindi: Endurskoðun sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi

Á árinu 2009 kom út sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020 fyrir Suðvesturland að undirlagi verkefnisstjórnar frá sorpsamlögunum á svæðinu: SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Þessi áætlun var gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í áætluninni sem hafði verið í smíðum frá 2006 voru tölur um íbúafjölda og úrgangsmagn árið 2006 notaðar til viðmiðunar og spá um þróun fram til 2020 lögð til grundvallar þegar gerð var áætlun um aðgerðir.

Í þeim efnahagssamdrætti sem varð síðla árs 2008 og árið 2009 varð allt að 40% samdráttur í magni flestra úrgangsflokka, sem varð til þess að ýmsum aðgerðum áætlunarinnar var frestað. Þessi samdráttur var staðfestur með endurskoðuðum tölum um úrgangsmagn frá 2012 og 2014.

Nú hafa efnahagssumsvif aukist að nýju verða sorpsamlögin vör við aukningu úrgangs og hafa því ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Endurskoðuð áætlun þarf að spegla þær breytingar sem orðið hafa á sviði úrgangsmála á síðustu 10 árum og á hún að gilda frá 2019 til 2030.

Með bréfi þessu óskar verkefnisstjórn sorpsamlaganna eftir samstarfi um endurskoðun svæðisáætlunarinnar. Verkefnisstjórnin óskar eftir því að sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og borgarstjórn tilnefni fulltrúa sveitarstjórnar til samstarfsins. Æskilegt væri að fulltrúar sem fjalla um málaflokkinn og starfsmenn sem vinna við hann fengjust til samstarfsins.

Verkefnisstjórn fyrirhugar að hefja endurskoðunina með skoðunarkönnun meðal kjörinna fulltrúa, en efna síðan til samráðsfunda þar sem niðurstöður skoðunarkönnunar verða kynntar, rætt um árangur síðustu áætlunar og hvert eigi að stefna til að draga úr úrgangi, safna, meðhöndla, endurvinna úrgang og farga honum. Verða niðurstöður samráðsfunda nýttar við gerð svæðisáætlunarinnar.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður einstakra verkþátta verði kynntar á heimasíðu verkefnisins eftir því sem tilefni gefst til. Á heimasíðunni ([www.samlausn.is](http://www.samlausn.is)) er einnig að finna gögn um núgildandi svæðisáætlun.

Drög að svæðisáætlun verða svo kynnt fyrir samstarfshópunum, sveitarstjórnnum og almenningi. Áætlunin verður metin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, áður en hún verður lögð fyrir sveitarstjórnir á svæðinu til samþykktar.

Virðingarfyllst

f.h. verkefnastjórnar

Teitur Gunnarsson